

## Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 26. maí 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Magnús Smári Smáráson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

### 1. Bakvaktageiðslur fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í sveitarfélagi.

#### Niðurstaða:

Málið er í vinnslu

### 2. Breytt bakvaktafyrirkomulag í sveitarfélagi. Fækkun á vöktum og greiðslur fyrir bakvaktir

#### Niðurstaða:

Málið er í vinnslu.

### 3. Bakvaktageiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi

Á 90. fundi samstarfsnefndar Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 21. desember 2018 var tekið til umfjöllunar og afgreiðslu eftirfarandi erindi frá LSS varðandi slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi.

#### **Sveitarfélag – slökkviliðsstjóri**

*Þann 12. desember 2008 samþykkti Bæjarráð sveitarfélags að greiða fyrir bakvaktir 180.000 kr. á mánuði. Upphæðin skiptist í tvennt, 90.000 kr. á hvorn byggðakjarna sveitarfélagsins. Mest hefur mætt á slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra að standa skipulagðar bakvaktir, en aðrir liðsmenn hafa leyst stjórnendur af. Tíu árum síðar er upphæðin enn óbreytt. Bæjarfélagið hefur ekki brugðist við ósk um leiðréttingu.*

#### **Niðurstaða:**

*Samkvæmt samþykktri brunavarnaráætlun sveitarfélagsins skal slökkviliðsstjóri hafa umsjón með að alltaf séu til staðar stjórnendur á bakvakt í báðum byggðakjörnum til að geta brugðist við með skjótum og öruggum hætti bæði við bruna, slysa og almannavarnatilfellum einnig vegna þeirra atburða sem geta orðið í þeim jarðgöngum sem tilheyra sveitarfélagi.*

*Þar sem skýr skylda er lögð á slökkviliðsstjóra um að skipuleggja bakvaktir ber sveitarfélaginu að greiða honum og öðrum þeim sem ráðnir eru á skipulagðar bakvaktir, bakvaktalag í samræmi við gr. 1.6.2 í kjarasamningi aðila. Sjá einnig 7. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða.*

Þrátt fyrir niðurstöðu samstarfsnefndar, sem kynnt var sveitarfélaginu, hefur sveitarfélagið enn ekki brugðist við.

Í ljósi þess er það niðurstaða samstarfsnefndar að leiðrétta beri greiðslur til slökkviliðsstjóra fyrir bakvakt þannig að sú upphæð sem bæjarráð sveitarfélags samþykkti að greiða þann 12. desember 2008 verði uppfærð í samræmi við almennar launahækkanir í kjarasamningi aðila og leiðrétt fyrir tímabilið 1. febrúar 2015 til 31. júlí 2018. Frá 1. ágúst verði slökkviliðsstjóra svo greitt samkvæmt gr. 1.6 í kjarasamningi aðila.

Samstarfsnefndin hvetur sveitarfélagið eindregið til að klára þetta mál gagnvart slökkviliðsstjóranum sem allra fyrst.

#### **4. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi**

Málið er í vinnslu með sveitarfélaginu.

#### **5. Verkefni samstarfsnefndar á gildandi samningstímabili**

Í gildandi kjarasamningi aðila liggja fyrir ýmis verkefni sem samningsaðilar munu vinna sameiginlega að á yfirstandandi samningstímabili.

##### **Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin fór sameiginlega yfir verkefnin og skipulagði samvinnu og forgangsröð nefndarinnar við úrvinnslu þeirra.

Fleira ekki gert.